

29. fundur Umhverfis- og náttúruverndarnefndar Skaftárhrepps

23. október 2018

Mættir: Katrín Gunnarsdóttir formaður nefndarinnar, Rúnar Guðnason varaformaður og Jóna Björk Jónsdóttir ritari.

Fundur settur klukkan 17:15

1. Umhverfisverðlaun 2018

Fjallað um mögulega verðlaunahafa fyrir árið 2018. Verðlaunin verða afhent á setningu Uppskeruhátíðar Skaftárhrepps 1. nóvember.

2. Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á starfssvæði byggðarsamlags Hulu Svæðisáætluninni var vísað til nefndarinnar á sveitarstjórnarfundum 17. október síðast liðin. Fundarmenn fara í gengum skýrsluna og koma með tillögum að breytingum á næsta fund. Formanni er falið að fá upplýsingar hjá Íslenska Gámafélaginu um magn sorps sem fer til urðunar annars vegar og til endurvinnslu hins vegar.

3. Ástarbraut - viðhald / styrkumsókn?

Umhverfisnefnd fagnar því að að sótt verði um styrkt til Framkvæmdasjóð Ferðamannastaða til þessa verkefnis og lýsir vilja sínum til að koma að málinu á seinni stigum ef þörf er á.

4. Viðkvæm svæði - viðkomustaðir ferðamanna.

Ástand ýmissa áningarstaða í sveitarfélaginu eru illa farnir vegna átroðnings. Nefndin leggur til að ástand áningarstaða ferðamanna verði skráð og gerð verði framtíðaráform. Þungar áhyggjur nefndarinnar er af öryggi vegfarenda við Fossála vegna hættu sem skapast þar. Leggjum við til að sveitarstjórn sendi erindi þess efnis til viðkomandi ráðuneyta og Stjórnstöð ferðamála.

5. Hefting leirfoks í landi Ár.

Umhverfisnefnd leggur til að Skaftárhreppur feli Landgræðslu Ríkisins að vinna að uppgræðslu í Eldhrauni í landi Ár til að hefta leirfok sem þar er.

6. Önnur mál.

Umhverfisnefnd ýtrekar ósk um gám fyrir plast á gámvöllinn.

Fundi slitið klukkan 18:15

